

# Áveitan

2. tbl. 6. árgangur. Febrúar 2012

## Héraðsleikar HSK

Laugardaginn 3. mars verða Héraðsleikar HSK í frjálsíþróttum haldnir í íþróttahúsinu á Hvolsvelli. Mótið er fyrir krakka 10 ára og yngri og við vonumst til þess að Þjótandi geti sent fjölmennt lið til leiks. Börn og foreldrar þeirra eru hvött til að taka daginn frá. Mótið verður nánar auglýst síðar.

## Héraðsmót fullorðinna

Sunnudaginn 4. mars verður héraðsmót fullorðinna haldið í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal og Þjótandi ætlar að senda lið til keppni. Búið er við skemmtilegu móti og við hvetjum alla sem hafa áhuga til að taka þátt.

Guðmunda tekur við skráningum í síma 846-9775.



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### **Snjómokstur**

Vetur konungur hefur heldur betur minnt á sig nú í janúar og ófáir dagarnir sem verið hefur illfært eða ófært í sveitarfélaginu.

Undanfarin ár hafa verið tiltölulega snjólétt og viðbrigðin eru því talsverð nú þegar brestur á íslenskur vetur.

Snjómokstri er sinnt eftir bestu getu samkvæmt verklagsreglum og markmiðum. Meginmarkmið snjómoksturs eru þau að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa að komast til vinnu utan heimilis. Einnig að tryggja það að mjókurbílar komist að kúabúum. Verktakar eiga að hafa opnað leiðir fyrir kl. 7:00 þá morgna sem mokað er. Það er hins vegar ekki farið af stað þegar veður er þannig að það fenni jafnóðum í förin.

Það er einnig matsatriði hverju sinni hvenær er best að hefja mokstur og reynt að haga framkvæmdum þannig að það skili sem mestum árangri samkvæmt meginmarkmiðum.

### **Raforkuverð**

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir mótmæli Bændasamtaka Íslands frá 4.janúar 2012 vegna hækkunar verðskrár Rarik á rafmagni.

Hækkunin tók gildi um áramótin og nemur 7,5 % í dreifbýli og 5 % í þéttbýli og er tilkomin vegna aukins kostnaðar að sögn fyrirtækisins.

Hækkun dreifingar- og flutningskostnaðar til raforkukaupenda í dreifbýli umfram það sem gerist til annarra kaupenda er mótmælt. Raforka er að stærstum hluta framleidd á landsbyggðinni og flutt um landið með raflinum sem liggja um eignarlönd og takmarka nýtingu þeirra. Það er óviðunandi að landsmönnum sé mismunað með þessum hætti.

### **Umsjón og eftirlit með dreifikerfi vatnsveitu Flóahrepps**

Samningur um eftirlit og viðhald á vatnsveitu Flóahrepps hefur verið endurnýjaður við þá Stein Þórarinsson og Jón Valgeir Geirsson.

Þeir hafa staðið vaktina með sóma og sinnt viðhaldi og viðgerðum nokkur undanfarin ár og ætla að halda því áfram enn um sinn.

Vaktsími vatnsveitunnar er 862-6848.

## Íbúafundur um varmadætur

Opinn kynningarfundur um varmadætur verður haldinn í Félagslundi 7. febrúar n.k. kl. 20:30

Jón Sæmundsson verkfræðingur ætlar að fræða íbúa um varmadætur og allt sem þeim viðkemur en Jón hefur kynnt sér þessa tækni vel.

Verið er að undirbúa uppsetningu varmadælna í félagsheimilunum Þjósárverri og Félagslundi og ráðgert er að það spari kyndikostnað um 50%. Orkustofnun styrkir kaup á varmadælum fyrir íbúðarhús og félagsheimili sem nemur allt að átta ára áætludum niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar miðað við meðalnotkun næstu fimm ár á undan.

Nánari upplýsingar og reiknivél þar sem áætla má mögulega eingreiðslu ríkis og áhrif hennar á lækkun stofnkostnaðar við uppsetningu varmadælna má sjá á síðu Orkustofnunar. <http://os.is/orkustofnun/umsoknir/eingreidslur/>

## Ungfolasýning Hrossaræktarféлага Flóahrepps

Ungfolasýning fyrir 2v og 3v fola í eigu félagsmanna verður haldin í reiðhöll Sleipnis að Brávöllum fimmtudagskvöldið 1. mars 2012 kl. 20: 30.

Skráning í síma 898-2256 Atli Geir mail; atligeir@hive.is eða 899-5494 Ágúst Ingi mail: agustk@visir.is.

Skráningarfrestur rennur út 28. febrúar. Koma verður fram IS-númer, móðir, faðir og eigandi. Folar skulu vera ójárnaðir eða járnaðir jafnþykkum skeifum á framfótum og afturfótum.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.

Skráningagjald fyrir hvern fola 2500kr.

KVEÐJA

STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA FLÓAHREPPS.

## *Frá Flóaskóla*

Veðrið hefur aldeilis minnt okkur á það nú í janúar að þessum árstíma er vetur! Vetrarbylur og ófærð hafa sett strik í reikninginn í Flóaskóla og hefur skólahaldi verið aflýst 2 daga það sem af er janúar og einn dag hófst skóli seinna en venjulega vegna færðarinnar. Nú er það svo að áhrif veðursins eru ekki alltaf þau sömu á öllum svæðum Flóahrepps og ófærð mismikil á vegum og á heimreiðum. Þegar Veðurstofa og Vegagerð hafa gefið út viðvaranir eða þegar ljóst er að ófært er á okkar tengivegum þá tekur skólastjóri ákvörðun um fyrirsjáanleg áhrif á skólahald og sendir út tilkynningar þess efnis. Þetta er gert í samráði við sveitarstjóra, formann fræðslunefndar og skólabilstjóra. Reynt er að láta ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en kl. 07:00 þann dag sem um ræðir og eru tilkynningar sendar út með eftirfarandi hætti:

Fjöldatölvupóstur úr Mentor sendur á skráð netföng foreldra.  
Tilkynningar á forsiðu heimasíðu Flóahrepps og Flóaskóla.  
Tilkynning í fréttir á RÚV kl. 07:00.

Þrátt fyrir röskun á skólahaldi höfum við einbeitt okkur að því nú í janúar að halda áætlun með nám og kennslu. Á döfinni eru námsmatsviðtöl þar sem nemendur fá afhentan vitnisburð annarinnar. Þessa dagana þreyta nemendur próf og taka kannanir auk þess sem kennarar taka saman svokallað sí-mat þar sem frammistaða nemenda er metin jafnóðum með fjölbreytilegum aðferðum.

Á bóndadaginn héldum við þorrablót í hádeginu, sungum og hlýddum á þorrafróðleik hjá 5. bekkingum. Nemendur borðuðu minna af súrmat nú en oft áður en fannst hangikjötið gott.

Vinir okkar í Krakkaborg munu nú fjölga heimsóknum sínum í Flóaskóla og ætla 5 ára börnin að koma tvisvar í mánuði í heimsókn í 1. bekk. Þau hafa reyndar líka boðið 1. bekkingum í heimsókn í leikskólann og er það ekki síður spennandi. Unnur umsjónarkennari í 1. bekk og Inga Berglind hópstjóri 5 ára barna hafa haldið utan um samstarfið í vetur af miklum myndarskap.

Námsráðgjafi mun nú á vordögum heimsækja 10. bekkina og aðstoða þá við þau tímamót sem þeir standa frammi fyrir vegna flutnings á milli skólastiga; úr grunnskóla í framhaldsskóla. Einnig býðst nemendum að skoða og heimsækja nokkra framhaldsskóla auk þess sem námsráðgjafar Fjölbautaskóla Suðurlands og Menntaskólans að Laugarvatni munu halda kynningu fyrir nemendur 10. bekkjar og foreldra þeirra.

Niðurstöður Olweus eineltiskönnunar sem nemendur tóku í desember liggja nú fyrir. Þær hafa verið kynntar fræðslunefnd og stýrihópi og verða kynntar skólaráði og foreldrum á næstu vikum. Kennarar munu einnig fara yfir niðurstöður með nemendum þegar þær hafa verið greindar frekar. Niðurstöður þessarar könnunar eru hluti af þeim gögnum sem við notum við umbótaáætlanir í skólasterfinu. Þegar könnunin er tekin árlega bætast einnig við upplýsingar sem hægt er nota til samanburðar á milli ára, m.a. til að mæla árangur af umbótastarfi.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, [kristin@floaskoli.is](mailto:kristin@floaskoli.is), gsm 663-5720.

## **AÐALFUNDUR KVENFÉLAGS HRAUNGERÐISHREPPS**

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg fimmtudagskvöldið 1. mars næstkomandi kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar hjartanlega velkomnir.

Stjórnin

*P.S. kaffikonur eru: Elin á Brúnastöðum, Guðrún í Miklaholtshellir, Helga Hermannsd. Nýjabæ, Sigurbára Langstöðum, Rósa Laugar-  
dælum, Valdís Hjálmholti og Þórunn Brúnastöðum.*

## **HERBERGISKVÖLD**

Herbergiskvöld verður fimmtudagskvöldið 9. febrúar kl. 20:00 í herberginu okkar í Þingborg. Mætum með handavinnu, spil eða bara með góða skapið.

Njótum þess að hittast og hafa gaman.

Stjórn Kvenfélags Hraungerðishrepps

## Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps

### Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn í Þingborg 11 janúar síðastliðinn og var hann vel sóttur. Fjörugar umræður sköpuðust á fundinum um störf félagsins og fleira. Ágúst Hjálmarsson gaf ekki kost á sér í stjórn áfram og var Geir Gíslason kosinn í hans stað. Viljum við þakka Ágústi góð störf. Ekki urðu aðrar breytingar í stjórn. Páll Imsland flutti svo gott erindi á fundinum um liti og litaerfðir hrossa.

### Folaldasýning

Folaldasýning verður haldinn sunnudaginn 19. febrúar í hinni nýju Sleipnishöll á Selfossi. Eigendur folalda eru beðnir um að vera mættir kl 13:00, en sýningin hefst kl 13:30. Ágúst Ingi tekur við skráningu í síma 899-5494 eða 482-1032, eða netfangið: [agustk@visir.is](mailto:agustk@visir.is). Þátttökugjald er 1500 kr á folald og greiðist á staðnum. Það sem koma þarf fram við skráningu er eftirfarandi: litur, nafn, faðir, móðir, eigandi og ræktandi.

Kaffiveitingar verða seldar á staðnum gegn vægu gjaldi.

Stjórnin.

## Frá Samhygð:

Aðalfundur Umf. Samhygðar fór fram í Félagslundi sunnudaginn 15. janúar. Aðalefni fundarins var að fara yfir starfssemi liðins árs og reikninga. Formaður sagði starfið að mesta hafa verið með hefðbundnu sniði. Fastir liðir eins og þrettándaskemmtun, skírdagsbingó, 17. júní, Timburhólagrill og Haustballið voru sínum stað. Íþróttæfingar gengu vel í samstarfi við nágrannafélögin eins og Áveitan sem hélt sínu striki. Hæst bar á íþróttasviðinu sigurganga Marínar Laufeyjar Davíðsdóttur á glímuvellinum þar sem sigur hennar í Íslandsglímu kvenna stendur upp úr. Kristinn Þór Kristinsson átti einnig gott ár á hlaupabrautinni og bætti sinn árangur enn frekar.

Reikningar Samhygðar voru ekki fullfrágengnir á aðalfundi sökum utandvalar gjaldkera en fjárhagur félagsins er góður og voru helstu niðurstöður kynntar á fundinum. Félagsmálabikar Samhygðar var ekki veittur fyrir árið 2011 sökum þess að enginn þótti hafa skarað fram úr á því sviði. Stjórn félagsins var endurkosin og aðrar nefndir án mikilla breytinga en úrslit kosninga má sjá hér að neðan.

## Stjórn og nefndir kosnar á aðalfundi Umf. Samhygðar 15. janúar 2012

### Stjórn

*Formaður:* Stefán Geirsson  
*Gjaldkeri:* Hugrún Geirsdóttir  
*Ritari:* Margrét Valdimarsdóttir

### Meðstjórnendur

Anný Ingimarsdóttir  
Jökull Baldursson

### Skemmtinefnd

*Formaður:* Jökull Baldursson  
Dagný Valdimarsdóttir  
Ingveldur Þorsteinsdóttir  
Aldís Baldursdóttir  
Margrét Valdimarsdóttir

### Til vara

Viðar Janus Helgason  
Margrét Ýr Bárðardóttir

### Íþróttanefnd

*Formaður:* Ingibjörg Markúsdóttir  
Jón Gunnþór Þorsteinsson  
Anný Ingimarsdóttir  
Halldóra Markúsdóttir  
Árni Geir Hilmarsson

Magnús Freyr Bárðarson  
Þórarinn Guðni Helgason

### Skoðunarmenn

Rannveig Árnadóttir  
Valdimar Guðjónsson

Stefán Helgason  
Sigurbjörg Ingimarsdóttir

### Fulltrúar á Héraðsþing HSK

Formaður  
Markús Ívarsson

Ingibjörg Markúsdóttir  
Jökull Baldursson

### Styrktarsjóður Samhygðar

Formaður Félagsins  
Jón M. Ívarsson  
Markús Ívarsson

### Ritnefnd

Stefán Geirsson  
Anný Ingimarsdóttir  
Margrét Valdimarsdóttir

### Fulltrúi í rekstrarstjórn félagsheimilanna

Anný Ingimarsdóttir

### Íþróttavallarnefnd

Formaður Samhygðar  
Eyjólfur Pálmarsson  
Helgi Friðrik Halldórsson

### Kristinn á palli

Kristinn Þór Kristinsson Samhygð keppti í 800m. hlaup karla á Reykjavík International leikunum og var á sínum besta tíma ársins, 1:56,56 mín og hafnaði í 3. sæti.

## Frá Umf. Vöku:

### **Innanhúsmót Vöku. –Frjálsar og skólahreysti**

Innanhús mót Vöku verður haldið laugardaginn 18. febrúar kl. 13.15 stund-  
víslega. Æskilegt er að mæta um kl.13:00 og hita upp til að koma í veg fyrir  
meiðsli. Keppt verður í langstökki án atrennu, þrístökki án atrennu og  
hástökki.

Að þessu sinni verður líka keppti í upphífungum, armbeygjum og dífum.  
Yngri aldurshópar keppa í því að hanga í stöng og armbeygjum.  
með von um að sjá sem flesta.

Íþróttanefndin.

### **Úrslit af mótum:**

#### **Haraldur Einarsson**

Reykjavík International games

60 m. hlaup: 4. sæti 7,192 sek.

#### Stórmót ÍR

60 m. hlaup: 2. sæti 7,22 sek.

þrístökk 2. sæti 13,61 m

#### **Bjarni Már Ólafsson**

Reykjavíkurmestaramót 15 ára og eldri

Þrístökk : 1. sæti 13,34 m.

#### Stórmót ÍR

Þrístökk 3. sæti 13,47 m

## **Íþróttافرéttir**

### **Aldursflokka og unglingamót HSK 2012**

Þjótandi sendi bæði lið á aldursflokka og unglingamót HSK sem voru haldin  
samhliða í Laugardalshöllinni 8. Janúar síðastliðinn. Keppendum okkar gekk mjög  
vel og hér birtist árangur þeirra.

### **Unglingamót HSK inni, Laugardalshöll 08.01.2012**

*Piltar 15 ára*

Jón Þór Pálsson	1997	60 m hlaup	2.	9,41 sek
		Kúluvarp	1.	8,59 m (4kg)
		Hástökk	2.	1,35 m

*Sveinar 16-17 ára*

Víkingur F. Erlingsson	1996	60 m hlaup	3.	8,36 sek
		Langstökk	3.	4,77 m
		Kúluvarp	4.	9,61 m (5kg)
		Hástökk	1.	1,55 m
Sveinn Orri Einarsson	1996	Kúluvarp	3.	9,92 m



Jón Gautason	1995	60 m hlaup	4.	8,56 sek
		Kúluvarp	2.	10,14 m
		60 m grind.	1.	11,96 sek
		800 m hlaup	1.	2:50,2 mín
		Hástökk	Gestur	1,45 m

*Ungkarlar 18-22 ára*

Bjarni Már Ólafsson	1991	60 m hlaup	1.	7,58 sek
		Langstökk	1.	6,23 m (jöfnun á Vökumeti)
		Hástökk	1.	1,83 m (Vökumet)

**Aldursflokkamót HSK, Laugardalshöll 08.01. 2012-01-30**

*Piltar 12 ára*

Stefán Narfi Bjarnason	2000	60 m hlaup	1.	9,63 sek
		Langstökk	1.	3,89 m
		Kúluvarp	1.	7,75 m (3kg)
		Hástökk	4.	1,20 m
		800 m hlaup	5.	4:12,61 mín

*Stúlkur 13 ára*

Eyrún Gautadóttir	1999	60 m hlaup	6.	9,93 sek
		Langstökk	7.	3,54 m
		60 m grind.	3.	13,17 sek
		Hástökk	4.	1,25 m
		800 m hlaup	3.	2:48,30 sek
Sunna Skeggjadóttir	1999	60 m hlaup	4.	9,73 sek
		Langstökk	4.	3,80 m
		Kúluvarp	3.	8,33 m (2kg)
		60 m grind.	4.	13,21 sek
Dórunn Ö. Jónasdóttir	1999	60 m hlaup	5.	9,81 sek
		Langstökk	8.	3,51 m
		60 m grind.	Gestur	13,21 sek

**Stórmót ÍR 28. -29. Janúar , árangur okkar fólks**

*Piltar 12 ára*

Stefán Narfi Bjarnason		60 m hlaup	9.	9,69 sek
		Kúluvarp	1.	7,39 m (3kg)
		Hástökk	5.	1,25 m
		Langstökk	10.	3,53 m

*Stúlkur 13 ára*

Eyrún Gautadóttir		60 m hlaup	22.	9,76 sek
		Hástökk	14.-17.	1,20 m
		60 m grind.	14.	12,75 sek
		600 m hlaup	9.	2:01,72 mín
Sunna Skeggjadóttir		60 m hlaup	21.	9,74 sek
		Kúluvarp	10.	8,13 m (2kg)
		Langstökk	19.	3,85 m
		60 m grind.	17.	13,70 sek

## **Frá UMF Baldri**

### **Aðalfundur Umf. Baldurs**

Aðalfundur Umf. Baldurs var haldin þann 4. janúar síðastliðinn í Þingborg. Ein breyting varð á stjórn félagsins þetta árið, Guðrún Gísladóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í hennar stað sem meðstjórnandi var kosinn Guðmundur Bjarnason sem áður var varamaður. Í stað hans sem varamaður kom Einar Magnússon á nýjan leik inn í stjórn.

Fundurinn var frekar í styttra lagi að þessu sinni enda biðu allir spenntir eftir því að fá pizzur og gos í boði félagsins ásamt því að horfa á gamla þorablótannála. Það helsta sem nefnd var á fundinum var að næsta sumar verður haldið á Selfossi, Unglingalandsmót UMFÍ og voru fundarmenn eindregið hvattir til að taka þátt í því, hvort sem keppendur eða starfsmenn.

### **Stjórn og nefndir Baldurs árið 2012**

#### **Stjórn:**

Baldur Gauti Tryggvason formaður  
Rúnar Hjálmarsson varaformaður  
Elín Magnúsdóttir ritari  
Svanhvít Hermannsdóttir gjaldkeri  
Guðmundur Bjarnason meðstjórnandi  
Til vara:  
Ágúst Hjálmarsson  
Einar Magnússon

#### **Endurskoðendur:**

Hafsteinn Stefánsson  
Gísli Hauksson

#### **Skemmtinefnd:**

Guðmundur Bjarnason, formaður  
Birna Almarsdóttir  
Sólrún Baldursdóttir  
Iðunn Sigurðardóttir  
Gunnhildur Gísladóttir  
Harpa Almarsdóttir  
Margrét Helga Steindórsdóttir  
Hjördís Björg Viðjudóttir  
Birgitta Kristín Bjarnadóttir  
Til vara:  
Hafsteinn Óskar Kjartansson  
Helga Margrét Höskuldsdóttir  
Sigurður Andri Jóhannesson

#### **Íþróttanefnd:**

Jón Gautason formaður  
Guðrún Gísladóttir  
Harpa Almarsdóttir  
Gunnhildur Gísladóttir  
Til vara:  
Iðunn Sigurðardóttir  
Guðmundur Bjarnason

#### **Ölsölunefnd:**

Einar Magnússon, formaður  
Brynjar Þór Þormóðsson  
Ágúst Hjálmarsson  
Ívar Freyr Hafsteinsson

#### **Ritnefnd**

Baldur Gauti Tryggvason fulltrúi í  
ritstjórn Áveitunnar  
Til vara:  
Einar Magnússon  
Dagbjartur Ketilsson

#### **Ræktunarnefnd:**

Skeggi Gunnarsson  
Gauti Gunnarsson  
Einar Hjálmarsson

## **Íþróttamaður ársins hjá Umf. Baldri árið 2011**

Vanin hefur verið hjá Umf. Baldri að velja sér íþróttamann til að verðlauna fyrir góðan árangur í íþróttum. Sá sem varð fyrir valinu þetta árið er Stefán Narfi Bjarnason frá Túni. Stefán er mjög vaxandi íþróttamaður, er í mikilli framför og gengur vel í sínum aldursflokki, bæði innan héraðs sem og á landsvísu.

Smávegis um árangur hans á árinu 2011:

Hann keppti á aldursflokkmóti HSK innanhúss í janúar 2011. Þar varð hann meðal annars HSK meistari í kúluvarpi í flokki 11 ára pilta þar sem hann varpaði kúlunni 7,91 m, einnig keppti hann í 60m hlaupi þar sem hann varð nr. 2 með tímum 10,48. Hann varð einnig 2 í langstökki með stökki upp á 3,30m og að lokum varð hann 4 í hástökki, þar sem hann stökk yfir 1,10m.

Stefán fór síðan í framhaldi af þessu á Meistarmót Íslands 11-14 ára í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Þar náði hann 2. sæti í kúluvarpi (var með forystu fram í síðustu umferð) en hann varpaði kúlunni í þetta skipti 8,72m. Hann tók síðan þátt í Þingborgarmótinu þann 1. maí með góðum árangri. Þingborgarmót: Langstökk án atr. strákar 11-12 ára, stökk 1,88 m. Kúluvarp strákar 11-12 ár, kastaði kúlunni 8,66 m. Hástökk strákar 11-12 ára, með stökk yfir 1,15 m.

Stefán fór síðan á Meistaramót Íslands utanhúss, sem haldið var í Vík í Mýrdal í júní. Þar keppti hann í 2 greinum, varð 7. í langstökki með stökki upp á 3,58 og síðan varð hann Íslandsmeistari í kúluvarpi 11 ára stráka með kasti upp á 9,05m. Hann tók síðan að lokum þátt á Flóamótinu þar sem hann náði eftirfarandi árangri:

60m hlaup 1. Stefán Narfi Bjarnason 10,0  
Langstökk 2. Stefán Narfi Bjarnason 3,71  
Kúluvarp 1. Stefán Narfi Bjarnason 9,13  
400m hlaup 3. Stefán Narfi Bjarnason 1:34,7

## **Þorablót**

Stjórn og skemmtinefnd Umf. Baldurs og skemmtinefnd Sandvíkurhrepps vilja þakka þeim fjölmörgu sem komu og skemmtu sér hið besta á þorablótinu þann 28. janúar síðastliðinn. Einnig eru þakkir til allra þeirra sem lögðu hönd á plóginn svo þorablótið gæti orðið að veruleika enda er svona blót ekki sjálfgefið og liggur mikill vinna að baki öllu sem þarf til að til að svona skemmtun geti farið fram.

## **Þakkir að loknu þorrablóti í Þingborg**

Ég finn mig knúinn til að rita nokkrar línur nú eftir að þorrablóti í Þingborg er lokið þetta árið. Ástæða þess er helst sú að krakkarnir í félaginu mínu sem eru svo stór þáttur af því að blótið er haldið ákváðu að afhenda mér blóm og þakka þannig fyrir sig. Það kom mér verulega mikið á óvart og ég varð orðlaus og náði því ekki að þakka fyrir mig á blótinu sjálfu. Mér finnst sem ég sé svo leiðinlegur við þau oft á tíðum í kringum þetta, rek þau áfram með harðri hendi til verka, að ég á þetta varla skilið frá þeim. Ég vil þakka þeim kærlega fyrir þessa viðurkenningu, mér þótti mjög vænt um hana.

Það er alls ekki hægt að þakka fyrir þorrablótin án þess að þakka foreldrum krakkanna fyrir, því án foreldranna væru engir krakkar í þessu starfi. Þið leyfið börnunum að taka þátt og hjálpa til, þið eigið því líka mikinn hlut í blótinu einnig. Það er alls ekki sjálfgefið að leyfa börnunum sínum að taka þátt í að skapa svona stóra samkomu þar sem mikil tímabundin vinna fer fram, meðfram öllu öðru sem í gangi er hjá þeim líka s.s. skóla og íþróttum. Ég er á þeirri skoðun að allir foreldrar eigi að leyfa börnum sínum að vera í þessu, því á þessu læra þau gríðarlega mikið. Þau og þið foreldranir eigið gríðarlega stóran þátt í að þetta gengur eins vel og það gerir.

Ég hef sjálfur verið nálægt þessu allar götur síðan 1995, fyrir utan 1 skipti er ég bjó annars staðar á landinu. Ég vil meina að þorrablótsundirbúningurinn öll þessi ár og annað starf á vegum ungmennafélagsins hafði hjálpað mér mikið í lífinu.

Ég vil síðan að lokum þakka öllum þeim sem ég hef unnið með gegnum tíðina að undirbúningi blótsins og þeim sem koma á blótið. Ætlunin er að þetta hafi verið mitt sídasta blót, næst ætla ég mér að mæta sem gestur til að sitja og hlæja mikið á skemmtilegu blóti.

Ég hef stefnt að því vegna krefjandi náms og vinnu að ég muni hætta sem formaður Ungmennafélagsins Baldurs á næsta aðalfundi sem verður í janúar 2013. Og það var sko ekki dónalegt að ná að enda þetta á því að toppa öll hin blótin, því þetta var það allra besta sem ég hef komið að á þessum 17 árum sem liðið hafa síðan ég tók fyrst þá. Mér þykir rosalega vænt um þessi þorrablót og vona ég að ég geti skilað góðu búi til þeirra sem taka við, það er engu að kvíða því krakkarnir eru svo góðir og þau eiga mestan þátt í því hversu flott allt er, ekki stjórn félagsins eða tilteknir einstaklingar.

Ég lærði af góðu fólki og vonandi hef ég náð að skila miklu á þessum örfáu árum sem ég hef verið formaður félagsins, til þeirra sem við því taka.

Takk fyrir mig  
Baldur Gauti Tryggvason

## Íþróttamaður Flóahrepps 2011

Umsóknarfrestur til að senda inn tilnefningar um Íþróttamann Flóahrepps rann út í desember síðastliðnum en því miður bárust mjög fáar tilnefningar. Þess vegna leitum við aftur til ykkar sveitunar góðir og biðjum ykkur um að senda okkur tilnefningar um þá sem ykkur finnst hafa skarað framúr í íþróttum á árinu 2011. Það er alger óþarfi að vera feiminn og ekkert er því til fyrirstöðu að tilnefna sitt eigið barn eða jafnvel sig sjálfan.

Þeir sem koma til greina sem íþróttamaður ársins verða að hafa skarað framúr í sinni grein á árinu og að hafa lögheimili í Flóahreppi.

Mikið tillit verður tekið til innsendra tilnefninga og má því segja að það sé í ykkar höndum hver hlýtur kjörið. Svo endilega sendið okkur nokkrar línur á tölvupósti fyrir 15. febrúar um hvern þið viljið kjósa og hvað hann hefur afrekað á árinu sem nú er liðið.

Baldur Gauti: [ballroq@hotmail.com](mailto:ballroq@hotmail.com)

Guðmunda: [guo22@hi.is](mailto:guo22@hi.is)

Stefán: [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com)

## **Frá Villingaholtskirkju**

Fjölskyldumessa verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 12. febrúar kl.13.30. Prestur sr. Kristinn Á Friðfinnsson. Organisti Ingi Heiðmar Jónsson. Söngkór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna leiða söng.

Fyrsta kóræfing ársins verður í Þingborg 7. febrúar kl. 20.30. Aðalfundur kórsins verður seinni hluta æfingarinnar. Nýtt söngfólk boðið velkomið.

### **Tilkynning til sóknarbarna**

Seinni hluta vetrar verður farið í að mála kirkjuna að innan, nánari tímasetning liggur ekki fyrir, en ekki verður byrjað fyrr en hægt verður að messa í Hraungerðiskirkju.

Ekki er núna ljóst hvað langan tíma tekur að mála kirkjuna, þar sem heilmikið þarf að skrapa lausa málningu af veggjum og hvelfingu, en tíminn leiðir það allt í ljós.

Í lok ágúst verður svo haldið upp á 100 ára afmæli kirkjunnar, en hún var vígð árið 1912.

f.h. sóknarnefndar,  
Sólveig Þórðardóttir

## **Gaulverjabæjarkirkja**

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 19. febrúar kl. 14:00.

## Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps.

### **Aðalfundur**

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn fimmtudagskvöldið 8. mars nk. kl 20.30 í Þjórsárveri. Nánar auglýstur síðar.

Stjórnin.

### **Frá kjörnefnd**

Á aðalfundi kvenfélagsins á ritari að ganga úr stjórn. Sólveig Þórðardóttir gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Við viljum því biðja ykkur félagskonur að bjóða ykkur fram eða koma með ábendingum um nýjan ritara til kjörnefndar fyrir 20 febrúar n.k.

Kristín s 486-3317

Lilja s 486-5590

Hólmfríður s 557-2498

### **Saumakvöld**

Sessusaumur í Þjórsárveri fimmtudagskvöldið 9. febrúar milli kl. 20-22.

Nefndin.

## Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps.

### Þrjónakvöld fyrir alla!

**Fimmtudagskvöldið 23. febrúar kl. 20.00** verður þrjónakvöld í Félagslundi fyrir allt áhugafólk um hönnun og þrjón í Flóahreppi. Þangað koma útgefendur þrjónablaðsins Lopa og Bands, þær Margrét Linda Gunnlaugsdóttir og Ásdís Birgisdóttir og kynna blaðið og hafa með sér þær flikur sem uppskriftir eru að í blaðinu, m.a. verða nokkrar flikur sem verða í næsta blaði sem kemur út í apríl. **Þeirra kynning hefst kl. 20.30.** Við hvetjum alla áhugasama þrjónara í Flóahreppi til að nota þetta góða tækifæri að hitta þessa frábæru hönnuði og eiga saman góða kvöldstund í góðum hópi. Boðið verður upp á kaffi og eitthvað að maula með.

Framundan hjá kvenfélaginu er svo aðalfundurinn 22. mars og eitthvað fleira verður um að vera fram á vor sem verður auglýst nánar síðar.

Stjórnin.

## Fjör í Flóa

Fjör í Flóa verður dagana 1.-3. júní 2012. Þeir sem hafa áhuga á að vera með og ef einhverjir eru með hugmyndir að einhverju nýju sem hægt er að gera þessa daga, eru þeir beðnir um að hafa samband við rekstrarstjórn fyrir 10. mars næstkomandi.

Sigmar Örn Aðalsteinsson	6968653	sigmarorn@hotmail.com
Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir	8999684	vatnsholt1@isl.is
Helgi Sigurðsson	8929872	trukkur@emax.is
Anný Ingimarsdóttir	8618368	anny@isart.is
Ágúst Hjálmarsson	8469765	langsstaðir@simnet.is

Eða húsverðina í hverju félagsheimili.

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja  
Nýsmíði, viðhald, breytingar  
Erum með traktors- og beltagröfu

**Kríutangi ehf.**

**Vorsabæ**

Stefán Helgason Húsasmíðameistari  
S: 8934933



## Krakkaborgarfréttir

Á þrettánda degi jóla voru jólin kvödd og héldum við þrettándagleði í leikskólanum en þá komu börn og starfsfólk saman inni á Tígradeild og sungu nokkur jólalög saman. Voru þau sungin í síðasta skipti þessi jólin og eru nú komin í geymslu fram að næstu jólum.

Nú í lok janúar kom nýr nemandi til okkar í Krakkaborg. Við bjóðum hann velkominn til okkar og hlökkum til að kynnst honum betur.

Kolbrún í Kolsholti gaf leikskólanum fuglafóður á dögnum og eru börnin búin að gefa fuglunum nokkrum sinnum úr þeim stóra poka sem hún færði okkur. Börnunum finnst mjög gaman að fylgjast með fuglunum koma og kroppa í matinn sinn og hefur þessi höfðinglega gjöf komið sér vel í öllum snjónum að undanfögnu og færum við Kollu bestu þakkir fyrir.

Verið er að vinna að nýrri skólanámsrá leikskólans og er sú vinna langt á veg komin. Þar koma inn nýjar áherslur í tengslum við nýja Aðalnámskrá leikskóla, sem gefin var út í maí 2011. Áætlað er að fyrstu drög líti dagsins ljós nú á vordögum. Samstarfsáætlun Krakkaborgar og Flóaskóla er nú í mótun og einnig er verið að uppfæra Foreldrahandbók leikskólans sem mun koma von bráðar á heimasíðu leikskólans.

Á starfsdegi nú í janúar fór starfsfólk leikskólans á námskeið um hlutverk fullorðinna í einingakubbum ásamt því að fá góða fræðslu um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Mun þessi fróðleikur svo sannarlega auðga starf okkar í vinnu með börnunum og koma að góðum notum í vinnu að nýrri skólanámskrá, enda er meðal annars lögð áhersla á virkni, sköpun og mannréttindi í nýrri Aðalnámskrá leikskóla.

Skólaheimsóknir eru nú 2x í mánuði hjá elstu börnunum en í lok janúar kom 1. bekkur í heimsókn til okkar. Var sú heimsókn mjög skemmtileg og fóru börnin m.a. í val, einingakubba og útivist ásamt því að taka þátt í mánaðarafmælinu okkar og samverustund. Þetta er liður í samstarfi leikskólans og grunnskólans og finnst börnunum þetta mjög gaman.

Í upphafi nýs árs fengum við nýjar dýnur á allar deildir. eru þær notaðar fyrst og fremst í hvíld með börnunum en einnig sem nýtt og spennandi leikefni þar sem börnin geta búið sér til hús og fleira skemmtilegt úr þeim. Einnig nýtast þær sem hljóðeinangrun á deildunum.

Við minnum á Heimasíðu leikskólans <http://leikskolinn.is/krakkaborg>  
Endilega skoðið þann fróðleik sem þar er að finna.

Ekki fleira í bili, kær kveðja

Rannveig Bjarnfinnsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

## Pistillinn

Ágætu lesendur þessa fréttablaðs ungmennafélaganna í Flóahreppi. Þess var farið á leit við mig að skrifa smá pistil í næsta fréttablað og ætla ég að verða við því. Áveitan þetta ágæta og ég vil segja ómissandi blað ungmennafélaganna á svæðinu hefur nú komið út í nokkur ár og verið okkar íbúum til fróðleiks og skemmtunar. Þar fá hin ýmsu félög á svæðinu tækifæri til að koma fréttum af starfseminni á framfæri og auglýsa hina fjölbreytta starfsemi sína. Þá fáum við reglulega fréttir frá Flóaskóla, sem virðist bara eflast stækka með hverju árinu sem líður og er það vel, því hvað er okkur mikilvægara en að börnin okkar fái að þroskast í góðu umhverfi. Já það má segja að það séu breyttir tímar frá því að foreldrar fólks á mínum aldri voru í skóla, því að það fólk var í farskóla og þurfti að ganga í skólann um vegleysur og í alls konar veðri, jafnvel klukkutíma gang. Og ekki voru börnin með farsíma, því sími kom ekki á mitt heimili fyrr en 1945 og rafmagn ekki fyrr en 1953. Við erum því vel sett til sjávar og sveita með öll okkar tól og tæki sem létta okkur störfín. Þetta á við á öllum sviðum til dæmis í landbúnaði og fiskvinnslu sem ég þekki vel til því ég hef unnið í fiski mest af minni starfsævi. Þar hafa orðið mikil breyting frá því að ég byrjaði að vinna, nýjar vélar hafa tekið við af þeim gömlu og eins hafa tölvustýrðir flokkarar tekið við af handflokkun. Eins hefur orðið mikil breyting á starfsmannafjölda, það er starfsmönnum hefur fækkað en afköst aukist. Þá hefur það gerst á síðustu 20 árum að erlendu starfsfólki hefur fjölgað mikið, eða frá því að alls enginn í það vera ca. 50% eða helmingur starfsmanna. Flestir koma frá Póllandi, en einnig frá löndum eins og Filippseyjum, Rúmeníu, Móngólíu og fleiri löndum. Margir eru sestir hér að en aðrir vinna hér tímabundið. Þá fer ég að slá botninn í þennan stutta pistil og ekki annað eftir en að óska öllum velfarnaðar á því ári sem nú er nýhafíð. Megi það verða enn betra en síðasta ár.

Þá vil ég skora á Sigurð í Hamarskoti að skrifa næsta pistil.

Andrés Pálmarsson

## ***Glímufréttir***

### **Marín Laufey bikarmeistari**

Bikarglíma Íslands fór fram í Reykjavík laugardaginn 28. janúar. Þar kepptu þær Marín Laufey Davíðsdóttir Samhygð og Guðrún Inga Helgadóttir Vöku. Marín Laufey hafnaði í 4. sæti í +65 kg flokki kvenna en sigraði í opnum flokki með glæsibrag. Guðrún Inga tók þátt í sína fyrsta fullorðinsmóti og hafnaði í 3. sæti í -65 kg flokki.

### **Mót framundan**

Grunnskólámót HSK fer fram í Reykholti 1. febrúar og hefst kl. 11:00.

3. umferð í Meistaramóti Íslands fer fram í Reykjavík 3. mars.

Skjaldarglíma Skarphéðins verður haldin á Hvolsvelli 24. mars kl. 13:00.

## **Munið íþróttæfingar sem í boði eru hjá ungmennafélögunum í Flóahreppi:**

**Mánudagar** kl. 20-21: Glímuæfing í Félagslund

**Þriðjudagar** kl. 18:30-20:00: Frjálsíþróttæfingar fyrir 11 ára og eldri í Þingborg.

**Miðvikudagar** kl. 12:30-13:50: Íþróttæfingar fyrir 7-10 ára í Þjórsárverri og Þingborg.

**Fimmtudagar** kl. 18:00-19:30: Frjálsíþróttæfingar fyrir "lengra komna" í Þingborg. Ætlaðar fyrir 12 ára og eldri sem vilja ná árangri í frjálsum.

Ungmennafélögin

## **BOWEN**

Verð með Bowenmeðferð heima í Vatnsholti 1 (bláa húsið)

Flóahrepp á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur.

Pantið tíma í síma 8999684/4863404

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir (DIDDA)

## Dagskrá mánaðarins

Frjálsar fyrir lengra komna	2. febrúar
Þorablót í Þjórsárveri	4. febrúar
Glímuæfing	6. febrúar
Æfing eldri	7. febrúar
Ibúafundur um varmadælur	7. febrúar
Fyrsta kóræfing ársins	7. febrúar
Æfing yngri	8. febrúar
Frjálsar fyrir lengra komna	9. febrúar
Herbergiskvöld Kvenfélag Hraungerðishr.	9. febrúar
Sessusamur Kvenfélag Villingaholtshr.	9. febrúar
Fjölskyldumessa í Villingaholtskirkju	12. febrúar
Glímuæfing	13. febrúar
Æfing eldri	14. febrúar
Æfing yngri	15. febrúar
Frjálsar fyrir lengra komna	16. febrúar
Innanhússmót Vöku	18. febrúar
Folaldasýning Hrossar.félags Hraungerðishr.	19. febrúar
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	19. febrúar
Glímuæfing	20. febrúar
Æfing eldri	21. febrúar
Æfing yngri	22. febrúar
Frjálsar fyrir lengra komna	23. febrúar
Þrjónakvöld fyrir alla í Félagslundi	23. febrúar
Glímuæfing	27. febrúar
Æfing eldri	28. febrúar
Æfing yngri	29. febrúar
Ungfolasýning Hrossaræktarfélaganna	1. mars
Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	1. mars
Héraðsleikar í frjálsum	3. mars



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160